

Ísafirði 2. febrúar 2006.

## **REGLUR ÍSAFJARÐARBÆJAR UM ÚTHLUTUN BYGGÐAKVÓTA FISKVEIÐIÁRIÐ 2005/2006.**

Afla sem úthlutað er á grundvelli byggðakvóta úthlutunar Ísafjarðarbæjar er skylt að vinna í sveitarfélaginu. Það telst vinna þegar afli er fullunnin í fiskvinnslu með starfsstöð í sveitarfélaginu. Þeir sem koma til greina við úthlutun eru krókaafلامarksbátar og aflamarksskip, sem skráð eru í Ísafjarðarbæ 1. september 2005. Við úthlutun byggðakvóta komu alls 409 þorskígildislestir í hlut Ísafjarðarbæjar.

1. Umsókn um byggðakvóta skal skilað á skrifstofur Ísafjarðarbæjar í síðasta lagi 3. mars 2006. Einnig má skila umsókn á netfangið [thorleifur@isafjordur.is](mailto:thorleifur@isafjordur.is) Umsóknareyðublöð má nálgast á skrifstofu Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, Ísafirði, eða á heimasíðu Ísafjarðarbæjar [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)
2. Byggðakvóta þeim er úthlutaður var til Ísafjarðar samtals 140 þorskígildislestum, skal úthlutað til skel- og rækjuveiðibáta, þannig að 50 þorskígildislestir komi í hlut skeljabáta og 90 þorskígildislestir komi í hlut rækjubáta, samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Skipting milli skeljabáta verði að jöfnu, en skipti milli einstakra rækjubáta verði í hlutfalli við aflahlutdeild þeirra þann 1. september s.l., samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu. Bátar sem fá úthlutað skel- og rækjubótum nú samkvæmt ofanskráðu, geta ekki sótt um frekari úthlutun byggðakvóta hjá Ísafjarðarbæ á þessu fiskveiðiári.
3. Öðrum úthlutuðum aflaheimildum verði skipt sem hér segi samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Í hlut báta á Ísafirði komi 51 þorskígildislest, í hlut báta í Hnífsdal komi 37 þorskígildislestir, í hlut báta á Suðureyri komi 51 þorskígildislest, í hlut báta á Flateyri komi 51 þorskígildislest og í hlut báta á Þingeyri komi 79 þorskígildislestir. Samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar verður eingöngu skipt á milli þeirra skipa/báta, sem voru með heimahöfn í ofangreindum byggðalögum þann 1. september 2005. Ef umsóknir um veiðiheimildir verða umfram úthlutað aflamagn á hverjum stað skal 25% aflaheimilda skipt að jöfnu milli umsækjenda og 75% hlutfallslega miðað við það aflamagn er viðkomandi skip/bátur landaði til vinnslu í sveitarfélaginu fiskveiðiárið 2004-2005.
4. Með umsókn um byggðakvóta skal fylgja staðfesting fiskvinnslu í sveitarfélaginu, um að afli verði unninn þar. Gerð skal grein fyrir á hvaða tímabili umsækjandi hyggst veiða/landa úthlutuðum byggðakvóta. Öllum afla samkvæmt þessari grein skal landað fyrir lok þessa fiskveiðiárs.
5. Bátum sem úthlutað er byggðakvóta er skylt að leggja til eigin aflaheimildir að lágmarki tvöfaldan úthlutaðan byggðakvóta (1á móti 2) , sem einnig verði unninn í viðkomandi fiskvinnslu og skoðast móttekin umsókn sem staðfesting viðkomandi á því að það verði gert.
6. Við verðlagningu afla skal að lágmarki greiða viðmiðunarverð Verðlagsstofu skiptaverðs fyrir þorsk, ýsu og karfa, en fyrir aðrar tegundir sambærilegt verð og algengast er á viðkomandi landssvæði að teknu tilliti til stærðar og gæða.
7. Úthlutaður byggðakvóti er ekki framseljanlegur, en heimilt er að skipta á jöfnu á markaðsvirði á öðrum tegundum en þorski, án þess að það teljist framsal á úthlutuðum aflaheimildum.
8. Í síðasta lagi þann 10. september 2006 skulu útgerðir þeirra skipa, sem úthlutað fá byggðakvóta samkvæmt þessum reglum, skila inn skýrslu til Ísafjarðarbæjar, um nýtingu hans. Verði skýrslu ekki skilað eða ákvæðum þessara reglna um löndun afla og vinnslu ekki fylgt geta viðkomandi bátar átt á hættu að fá ekki úthlutaðan byggðakvóta komi til slíkrar úthlutunar síðar.

Þannig samþykkt á 195. fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 02.02.06.